



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. mars 2020

2003034SA BG
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir – 667. mál.

Þann 13. mars var dreift á Alþingi ofangreindu frumvarpi. Frumvarpið er lagt fram í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði þar sem mikil óvissa ríkir vegna kórónaveiru sem veldur COVID-19 sjúkdómnum.

Með sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, sem undirrituð var 5. mars. 2020, náðist sátt um samfélagslega nauðsyn þess að hægja á útbreiðslu COVID-19 veirunnar. Í yfirlýsingunni kemur meðal annars fram að stjórnvöld muni beita sér fyrir að breytingar verði gerðar á lögum um sjúkratryggingar í þá veru að atvinnurekandi, sem greiðir launamanni sem sætt hefur eða mun sæta sóttkví laun, geti krafist sjúkratryggingar um endurgreiðslu kostnaðar að ákveðnu hámarki séu tilteknar aðstæður fyrir hendi eins og t.d. að launamaður geti ekki sinnt vinnu heiman frá.

Athugasemdir við frumvarpið

Sambandið telur frumvarpið mikilvægan þátt í að annars vegar hægja á útbreiðslu sjúkdómsins með því að auka líkur á að fólk fylgi fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um að vera í sóttkví og hins vegar styður þetta við atvinnulífið á óvissutímum. Sambandið vill þó vekja athygli á eftirfarandi:

- Í frumvarpinu er lagt til að þetta eigi við um aðila sem eru í sóttkví frá tímabilinu 1. febrúar 2020 til og með 30. apríl 2020. Miðað við nýjustu fréttir lítur út fyrir að vel hafi gengið að hægja á útbreiðslu sjúkdómsins sem gæti leitt til þess að núverandi ástand muni vara lengur, þ.e.a.s. lengir þann tíma sem sóttkví er áhrifarík leið til að hægja á útbreiðslu. Gæti því verið skynsamlegt að lengja tímabilið strax í samráði við Landlækni, sóttvarnarlækni og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra.
- Nú þegar hafa komið upp dæmi þess að börn þurfi að vera í sóttkví en ekki foreldrar. Hvatt er til þess að gerð sé breyting á frumvarpinu til að ná utan um þennan hóp enda þarf í flestum tilfellum a.m.k. eitt foreldri að vera með barni í sóttkví þótt það fari að sjálfsögðu eftir aldri barnsins. Sömu rök eiga við um mikilvægi þess að foreldrar í þessum aðstæðum njóti launa áfram líkt og aðrir launamenn er þurfa að vera í sóttkví.

Að lokum

Sambandið telur málið í heild vera jákvætt og hvetur til þess að það hljóti skjóta afgreiðslu af hálfu Alþingis að teknu tilliti til framangreindra ábendinga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri